

Áthegðun

5

Þættir sem hafa ekkert að gera með það sem kýrnar éta eiga ríflega helmingsþátt í breytileika nytjar.

Fóðurstjórn

8

Uppskeyra gróffóðurs, votheysverkun og votheysgjöf hafa öll áhrif á gæði gróffóðursins.

Fóðrun

22

Fæðuþörf mismunandi hópa kúa er misjöfn, allt eftir aldri og mjaltaskeiði.

Snjallfóðrun skilar árangri



*Fóðrunaraðferðin ræður
miklu um árangurinn*

„Þótt við höfum færri kýr munum við skila einu tonni meira af mjólk með sama fitu- og prótínmagni.“

Roy Ammerlaan
Marsum, Hollandi



Fóðrunaraðferðin ræður verulegu um árangurinn

Stöðugt eftirlit með fóðrunaraðferð og fóðrun, alveg frá uppskeru og umsjón túna og akra, margborgar sig. Rétt samsetning skammta, framboð vatns og tíðni fóðrunar hafa öll áhrif á heilsu, frjósemi og nyt kúa og þar með framlegð búsins.

Fóðrun í samræmi við þarfir gripanna með nokkrum gjöfum á dag stuðlar að heilbrigðu sýrustigi í vömbinni og örvar meltingu þurrefna. Ennfremur dregur úr hættu á einkennalausri eða greinanlegri sýringu í vömb, minna er um vandamál tengdum klaufum og frjósemi eykst.

Grunnurinn að heilbrigðri fóðurskömmun er lagður í umsjón tún- og akuruppskeru. Verkun votheys og korns með hámarksþéttni geymir næringarefni betur og skilar lystugra fóðri. Hægt er að blanda kjarnfóðri saman við það eða gefa kjarnfóðrið sérstaklega til að tryggja rétt samsetta og heilbrigða fæðu.

Sérniðnir skammtar skila sér í að fyrr er hægt að sæða kvígur, að mjólkurkúr fá næga orku til að tryggja góða nyt og auðveldar umskipti úr geldstöðu. Þessi skammtar draga einnig úr kostnaði við umönnun og fitun eldisgripa.

Sjálfvirknivæðing fóðrunar auðveldar þér að setja saman réttan skammt og gefa hann kúnum. Sjálfvirk fóðrun sparar tíma og býður upp á aukinn sveigjanleika við skipulag daglegra starfa. Sjálfvirk fóðrun getur einnig gert fóðrunina skilvirkari sem skilar sér í betur reknu býli.

Snjallfóðrun borgar sig.



„Rannsókn sem gerð var á 47 hjörðum sýnir að nyt getur verið mismunandi sem nemur allt að 13 lítrum af mjólk á hverja kýr á dag. Yfir helminginn af þessum mismun má skýra með þáttum sem tengjast ekki innihaldi fóðursins, svo sem tíðni gjafa, framboði á fersku fóðri, nægilegu plássi á átsvæðinu, o.þ.h.“
(heimild: Dohme, 2008)

Áthegðun

Tíðari fóðrun skilar heilbrigðara sýrustigi í vömbinni

Kýr vilja helst éta oft yfir daginn. Hver kú þarf að fá að éta 10 til 14 sinnum á dag til að viðhalda góðu heilbrigði og tryggja hámarksnyt. Fóðrunin þarf að innihalda ferskt fóður og rétt innihaldsefni.

Tíðari fóðrun tryggir stöðugt sýrustig í vömb kýrinnar og tryggir skilvirka meltingu og upptöku næringarefna úr fóðrinu.

Heilbrigt sýrustig í vömb

Sýrustig vambarinnar lækkar eftir hverja fóðrun vegna fitusýra sem losna við gerjun kolvetna. Skammtar gripa með háa nyt innihalda oft mikið af auðmeltanlegri orku úr kjarnfóðri. Þetta leiðir til þess að kýrnar þurfa ekki að jórtra jafn mikið og mynda því minna munnvatn. Þetta getur ennfremur valdið óstöðugleika í vömbinni með meiri lækkun sýrustigs sem aftur getur leitt til einkennalausrar sýringar í vömbinni. Fóðrið gengur þá of hratt í gegnum vömbina til að kýrin geti fullnýtt skammtinn. Þegar sýrustig vambarinnar

er lágt geta bakteríur sem sjá um gerjun fóðursins heldur ekki sinnt hlutverki sínu. Þetta leiðir til lélegri nýtingar gróffóðurs og tímabundinna eða jafnvel varanlegra skemmda á vambarvegnum.


Fóðurneysla

Skilvirkni meltingarinnar stýrir því hversu mikið kýr getur étið því hún étur ekki á meðan maginn er fullur. Neysla hraðgerjandi skammta býður upp á meira pláss fyrir ferskan skammt af fóðri í vömbinni. Þumalputtareglan er að kýr étur þurrefni sem samsvarar um 3% af líkamsþyngd sinni á dag.

Fóðurval

Kýr velja fóður með því að leita eftir lystugustu hlutum gróffóðursins. Þær skilja ólystugari hluta gróffóðursins eftir sem kýr fúlfa frekar við. Valið leiðir þar af leiðandi til minni fóðurneyslu og meira afgangsfóðurs.

Þetta getur haft tvenns konar afleiðingar: Gripirnir sem ná að velja fóður (kýr sem eru ofarlega í virðingarstiga hópsins) neyta meira kjarnfóðurs sem aftur leiðir til lægra fitustigs í mjólkinni og eykur hættu á einkennalausri sýringu í vömbinni og klaufsperru. Aðrar kýr, sem standa neðar í virðingarstiganum, neyta hærra hlutfalls gróffóðurs og fá minni orku en þær þurfa. Þetta leiðir til minni nytjar, aukins þyngdartaps og seinkun getnaðar.





Frjósemi

Kýr sem fær of litla orku úr fóðri fyrstu 60 til 120 daga mjaltaskeiðs gengur á fituforða sinn til að ná í orku sem leiðir neikvæðs orkujafnvægis. Þetta leiðir til þess að of lítil orka og næringarefni berist til eggjastokka og eggs á þroskunarstigi, sem er nauðsynlegt til að tryggja að kýr verði fljótt með fangi. Þetta leiðir til þess að lélegri eggþú og egg eru losuð 60 til 90 dögum eftir burð (tíminn sem fyrsta tilraun til sæðingar er framkvæmd hjá flestum kúm). Þetta getur dregið úr líkum þess að kýr verði með fangi. Næringin þarf að uppfylla ýmsar kröfur til að tryggja gæði eggfruma og fósturs.

Klaufir

Efnaskiptakvillar (einkennalaus eða greinanleg sýring í vömb) hafa áhrif á heilbrigði klaufbotnsins og geta leitt til blæðinga úr klaufbotni og þrálátrar klaufsperru. Til að koma í veg fyrir slíkt er mikilvægt að kýr hafi greiðan aðgang að góðu gróffóðri allan sólarhringinn. Fóðrið verður að vera af réttri gerð og innihalda nægilegt prótín, en þó ekki of mikið. Nýtingu prótíns má mæla með því að mæla magn þvagefnis í tankmjólkinni.

Tíðari fóðrun

Kýr sem hafa aðgang að 10 til 14 smærri og nákvæmt mældum skömmtum allan sólarhringinn

viðhalda réttu og stöðugu pH-gildi í vömbinni. Þessar kýr njóta einnig góðs af hámarksfóðrun og nýta gróffóðrið á sem skilvirkastan hátt.

Forsendur réttrar fóðuruþtöku

Til að kýrin nærast rétt þarf hún greiðan aðgang að fersku fóðri á átsvæðinu. Áhrifspættir á borð við rými, rétta skömmtun og aðgengi að vatni hafa einnig áhrif á fóðuruþtökuna.

Tími og rými

Til að kýrnar nærast á heilbrigðan hátt er mjög mikilvægt að þær hafi gott rými við átsvæðið og á legubásunum.

Kýr kjósa helst að éta allar samtímis og því þarf að gæta þess að það sé pláss fyrir þær allar á átsvæðinu. Þrengsli valda síður vandamálum ef ferskt og bragðgott fóður er ævinlega tiltækt en geta orðið vandamál ef kýrnar sem eru neðar í virðingarstiganum fá lakara fóður. Þessar lægra skipuðu kýr, sem bíða eftir að herra skipuðu gripirnir éti, éta þá hraðar og oft minna. Það þýðir að þær kýr fá hugsanlega ekki öll nauðsynleg næringarefni.

Nóg af fersku vatni

Vatn gegnir einnig mikilvægu hlutverki fyrir bæði mjólkurframleiðslu og heilbrigði kúnna. Kýr þarf 1–2 lítra af vatni fyrir hvert kíló af mjólk sem hún



framleiðir. Kýr vilja drekka mikið vatn, sérstaklega eftir mjaltir og fóðrun. Þær geta drukkið 10 til 20 lítra af vatni á skömmum tíma og gera það hugsanlega 7–12 sinnum á dag.

Þetta þýðir að kýrin drekkur að meðaltali 100–150 lítra á dag. Til að uppfylla þessa þörf þarf að hafa nægilega margar drykkjarstöðvar í fjósinu, minnst 2 opin vatnstrog á hverjar 20 kýr.

Kýrin framleiðir munnvatn við jórtur og það er því mikilvægt að uppbygging fóðursins sé með þeim hætti að það örvi jórtur, og um leið munnvatnsframleiðslu. Hver kýr framleiðir 200–250 lítra af munnvatni daglega, sem er nauðsynlegt til að væta fóðrið, endurnýja jórturvökvan og koma í veg fyrir að sýrustigið í vömbinni verði of lágt.

Vel blandaður skammtur

Auk tíðari gjafa er nákvæmni við fóðrun einnig mjög mikilvæg til að tryggja rétt atferli við át og góða heilsu kúnna.

Útreikningur á samsetningu fóðurskammta krefst tíma og árvekni, bæði af hendi fóðurráðgjafans og bóndans. Hver kúahópur hefur mismunandi fóðurþarfir, allt eftir aldri og stigi mjaltaskeiðs.

Þegar fóðrun er tíðari fá gripirnir oftast réttan fóðurskammt, sem inniheldur öll þau næringarefni sem hópurinn þarf. Rétt blöndun tryggir að skammturinn sem kýrnar fá er eins á öllu átsvæðinu.

Afleiðingar af skertri fóðuruþtöku

Kýr sem éta minna vegna hindrana á borð við átök á átsvæðinu eða ójafna dreifingu næringarefna í skammtinum þjást af heilsufarsvandamálum sem geta haft áhrif á frjósemi og nyt.

Einkennalaus sýring í vömbinni getur leitt til klaufsjúkdóma. Klaufsjúkdómar skerða hreyfigetu kýrinnar, sem þá leitar sjaldnar á átsvæðið, étur minna fóður og framleiðir minni mjólk.



Fóðurstjórn

Frá túni inn á átsvæðið

Vönduð fóðrun byggir á greiðu aðgengi að bragðgóðu hágæðafóðri á átsvæðinu, allan daginn. Jarðvegurinn, áburðarnotkun og uppskera hafa áhrif á gæði fóðursins. Því vandaðri sem gróffóðurverkunin er, því minni hættu er á ofhitnun fóðursins og fóðurmissi og því meiri verða gæði fóðursins sem gefið er á átsvæðinu.

Til að setja saman rétta skammta fyrir hvern hóp kúa þarf að nota fóður úr gæða heyi. Fóðrun í samræmi við þarfir er mjög mikilvæg til að tryggja frjósemi og nyt.

Umsjón með gróffóðurverkun

Uppskera gróffóðurs ræður gæðum gróffóðursins og þar með framleiðni og heilbrigði kúnna. Gróffóðurverkun er veigamikil skref í fóðuröflun. Magn næringarefna í heyinu ræðst af því hversu vel er hugað að heystæðunni. Ofhitnun í stæðunni er ein helsta ástæða fóðurmissis og hún skerðir bragðgæði fóðursins.

Góð varðveisla

Súrefnisskerðing er einn mikilvægasti þátturinn í góðri varðveislu gróffóðursins. Ef uppskeran í stæðunni fær of mikið súrefni of lengi getur það valdið ofhitnun. Hækkað hitastig truflar gerjunarferlið í stæðunni. Hægt er að bægja súrefni frá með því að leggja gróffóðrið í lögum í stæðuna og byggja hana þannig upp. Gera svo ráð fyrir hæfilega löngum tíma við þjöppun með vélbúnaði.

Lengdin sem heyið í stæðunni er skorið eða saxað ræður því einnig hvort ofhitnun á sér stað. Æskilegasta stubbalengd er um það bil 5 til 7 cm.

Við gróffóðurverkun verður auðveldara að ná fram mikilli þéttni ef þurrefnamagnið er á milli 35% og 45% (æskilegast er 40%). Ef gróffóðrið er þurrara, einhverra hluta vegna, skal gæta þess að setja blautara hey síðast út í stæðuna, til að hámarka þéttina.

Þétting með vélum verður erfiðari ef þurrefnamagnið er yfir 45%, einkum í efri lögum. Þá getur meira súrefni safnast fyrir í stæðunni og það eykur hættuna á ofhitnun. Best er að búa til þurra stæðu með þynnri lögum.

Æskilegasta þurrefnahlutfall í korni er í kringum 35%. Æskilegasta lengd saxaðs gróffóðurkorns ræðst af þurrefnamagni. Korn sem inniheldur innan við 34% af þurrefni ætti að saxa í 10 til 14 mm búta. Ef kornið inniheldur meira en 38% af þurrefni er æskilegasta lengdin 6 til 8 mm. Lengri bútar auka styrkleika laganna en torvelða þjöppun votheysins með vélbúnaði, sem aftur eykur hættuna á ofhitnun.

Þá verður mikilvægt að gera stæðuna loftþétta sem allra fyrst, helst með nýrri eða notaðri yfirbreiðslu, og loka flatgryfjunni svo með votheyslíf. Einnig má þekja flatgryfjuna með sandi eða sand- eða malarpokum.

Stjórnun gróffóðurgjafar


Hafa verður hröð handtök við gróffóðurgjöf, til að tryggja ferskleika fódursins. Reynið að gera votheysgryfjuna þannig úr garði að minnst 1 metra lag sé fjarlægð úr henni á viku. Gangið úr skugga um að stæðuheyið sé skorið beint, til að lágmarka upptöku súrefnis, og hreinsið upp laust fódurefni daglega.

Þegar vothey er sótt daglega er gott að nýta tækifærið til að skoða fódrið sem er sýnilegt í gryfjunni, til að gá hvort vart verður við ofhitnun, myglu eða rotnun. Fjarlægið strax fódur sem hefur spillst, til að hindra að rotnun breiðist út og koma í veg fyrir að kúnum verði gefið spillt fódur. Sama gildir um fódurleifar í fódurvagninum: Þær skal fjarlægja eftir hverja fódur til að forðast að það blandist við nýja, ferska skammta í næstu gjöf.

Stæðuskeri

Notkun stæðuskera er góð leið til að viðhalda gæðum votheysins í gryfjunni við votheysgjöf, bæði fyrir og eftir gjöf. Stæðuskerinn sker þetta fódurkubba úr stæðunni. Með því er komið í veg fyrir að of mikið súrefni komist í gryfjuna og að fódriinu sem eftir er þar og dregið úr hættunni á ofhitnun, sem gæti ella komið upp. Þannig er hægt að lágmarka skerðingu á næringargildi fódursins.

Með stæðuskera er einnig hægt að skera fódrið í snyrtilega kubba sem auðvelt er að meðhöndla í „eldhúsinu“. Kubbarir eru skornir þétt svo þeir haldist vel saman.



Heildarskammtur af blönduðu fódri (TMR-fóðrun) eða Hlutaskammtur af blönduðu fódri (PMR-fóðrun)

Hægt er að nota TMR-fóðrun (heildarskammtur af blönduðu fódri) eða PMR-fóðrun (hlutaskammtur af blönduðu fódri) með viðbættu kjarnfóðri, allt eftir því sem hver kús og eftir því hvort mjaltaþjónn er í notkun. PMR-fóðrun er einnig hægt að sníða að þörfum hverrar kúr.

TMR-fóðrun

TMR-fóðrun inniheldur alla þætti fódurskammtsins, sem eru blandaðir og gefnir á átsvæðinu. Innihaldsefnunum er blandað vandlega saman, ýmist með vélbúnaði eða sjálfvirkri kerfi.

PMR-fóðrun

PMR-fóðrun er að því leyti frábrugðin að á átsvæðinu er gefinn skammtur sem ekki inniheldur alla þá orku sem hópurinn þarfnast. Þá er kjarnfóður gefið að auki hverri kú fyrir sig. Þetta kjarnfóður geta kúrnar sótt í sérstakan kjarnfóðurbás eða í mjaltaþjónn.

Báðar aðferðirnar hafa sína kosti og sína galla. Mikilvægt er að fódrunaraðferðin sé í samræmi við stærð og rekstraraðferð á búinu. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á neinn mun á nyt eftir því hvort notuð er TMR-fóðrun eða PMR-fóðrun. PMR-fóðrun virðist þó leiða til aukinnar nytjar snemma á mjaltaskeiðinu, en TMR-fóðrun auka nytina síðar á mjaltaskeiðinu.





Áfylling og blöndun

Þegar gróffóðurverkun hefur farið fram á réttan hátt og samsetningin er rétt hefst næsta skref í fóðrun gripanna: áfylling og blöndun. Nákvæm fóðrun tryggir að kýrnar hafi aðgang að réttum fóðurskammti hvar sem er á átsvæðinu.

Mikilvægi nákvæmrar hleðslu

Fóðrun sem byggð er á þörfum einstaklinga eða hópa tryggir nákvæma fóðrun. Fyrsta skrefið er áfylling hinna ýmsu íblöndunarþátta fóðursins. Nákvæmni vigtunar þessara efna ræður því af hve mikilli nákvæmni hægt er að fóðra kúahópinn.

Hér getur sjálfvirkni komið að góðum notum. Með hárnákvæmum snjallhugbúnaði er hægt að vigta og vakta hlutföll í hverjum skammti af ýtrustu nákvæmni og ábyrgjast þannig að skammturinn sé hárrétt samsettur í hverri einustu gjöf.

Ef fóðrið er sótt í votheysstæðuna og vigtað handvirkt verður erfiðara að halda samræmi í magni milli gjafa. Ef þetta verður að daglegum vana veldur það smám saman viðvarandi frávikum í skömmtun, sem getur haft skaðleg áhrif á heilsu og nyt gripanna, hvort sem er við hefðbundna fóðrun eða tíðari fóðrun.

Mikilvægi réttrar blöndunar

Fyrsta skrefið í blöndun er að setja réttu innihaldsefni í fóðrunarvagninn. Rétt blöndun er einnig undirstaða nákvæmrar fóðrunar. Röð innihaldsefna við blöndun, söxunin, magn fóðurs í blandaranum, uppsetning og ástand hrærunnar og blöndunartíminn hafa hvert fyrir sig áhrif á gæði fóðursins. Ef stubbalengdin er of löng er blöndunin vandasamari og krefst meiri tíma og orku. Með því að bæta vatni út í fóðurskammtinn er t.d. hægt að letja kýrnar til að velja úr fóðriinu.

Góð blöndun eykur samkvæmni í skammtinum og þannig er tryggt að rétt fóður sé gefið alls staðar á átsvæðinu. Góð dreifing innihaldsefna minnkar einnig líkurnar á því að kýrnar velji sér tiltekna fóðurskammta, en þannig dregur úr hættu á að kýrnar neðar í virðingarstiganum finni fyrir sýringu í vömbinni.

Sjálfvirkni við blöndun getur einnig aukið skilvirkni. Blöndunarkerfi sem hægt er að laga að þörfum kúahópsins er skilvirkara og samkvæmara en handvirk blöndun.



Fóðrun

Rétt fóður fyrir hvern hóp

Hver kúahópur hefur sértækar næringarþarfir, allt eftir aldri og mjaltaskeiði kúnna. Ferskt fóður á átsvæðinu allan sólarhringinn, sérblandað eftir þörfum hópsins.

Fóðrun í samræmi við þarfir

Með því að skipta kúnum í hópa eftir næringarþörfum þeirra má auka nákvæmni fóðrunarinnar. Hægt er að skipta gripunum í eftirfarandi fjóra hópa:

Kvígur

Því fyrr sem kvíga nær æskilegri þyngd, því fyrr er hún tilbúin til sæðingar og mjólkurframleiðslu. Með því að gefa kálfum oftari ferska mjólk, samhliða fóðurskammti sem hæfir þeirra þörfum, eykst fóðurneyslan og um leið vex kálfurinn hraðar og verður fyrr fullvaxta.

Eldisgripir

Eldisgripir þyngjast einnig hraðar með tíðari fóðrun sem samræmist þörfum þeirra. Þetta eykur kjötframleiðslu umtalsvert, en dregur um leið úr kostnaði við eldi og fitun gripanna.

Mjólkurkýr

Þegar kvíga er orðin að mjólkurkú breytist orkuþörfin óhjákvæmilega og inntaka þurrefnis fær aukið vægi, til að halda pH-gildi í vömbinni stöðugu. Við fóðrun er magn þurrefnis yfirleitt aukið. Við það verður kýrin virkari og það eykur framleiðsluna.

Geldkýr

Þegar kýrnar eru á frumstigi fyrsta hluta geldskeiðsins þurfa þær fituminna fóður, svo að júgrið geti þornað og safni ekki upp fitu. Á lokastiginu (síðustu þrjár vikurnar fyrir burð) eykst næringarþörf gripanna, en meltingargetan er skert, að hluta vegna aukins umfangs legsins. Á tímabilinu eftir burð getur kjarnfóður stuðlað að aukinni og fullnægjandi inntöku fóðurs og tryggt hraðvirka mjólkurframleiðslu.

Kýr sem hafa aðgang að 10 til 14 smærri fóðurskömmtum á sólarhring geta hámarkað nýtingu gróffóðursins. Tíðari fóðrun og fóðursópun hvetur kýrnar til að koma oftari á átsvæðið og fylla vömbina þar. Kýr sem fá smærri skammta eru ólíklegri til að velja sér tiltekið fóður, sérstaklega ef fóðrið er ævinlega ferskt og bragðgott. Þetta hefur einnig jákvæð áhrif á heilsufar gripanna.

Sjálfvirk fóðrun

Sjálfvirkni eykur skilvirkni fóðrunarinnar gegnum allt ferlið. Hugbúnaðurinn sem fylgir sjálfvirku kerfunum birtir ítarlegar upplýsingar um hversu mikið hver kýr étur og framleiðir og hvernig kýrnar standa sig í samanburði hver við aðra. Ef matarlyst eða nyt einhverrar kúa minnkar kann það af stafa af heilsufarsvandamálum eða að kýrnar þurfi annars konar fóður. Sjálfvirkni eykur ekki aðeins nákvæmni fóðrunar, heldur verður auðveldara að breyta fóðrun einstakra gripa, með hliðsjón af skýrslugerð um hverja kú.

Útibeit

Sjálfvirkni kemur einnig að gagni þegar kúum er beitt úti. Við útibeit er hægt að draga úr eða hætta alveg fóðrun inni, í því skyni að ýta undir neyslu á fersku grasi. Þegar kýrnar fara aftur í fjósið í lok dags getur kerfið tryggt að nægilegt fóður sé til staðar. Kerfið mælir fóðurhæð á átsvæðinu og veit því hvort bæta þarf við fóðri. Þannig er komist hjá því að láta fóður standa of lengi á átsvæðinu, sem myndi við það tapa ferskleika og bragðgæðum.



Stjórnun

Vöktun, skammtastilling og áætlanagerð

Nákvæm, sérsniðin fóðrun krefst nákvæmrar, sérsniðinnar stjórnunar. Á hverjum degi má greina af atferli kúnna hvort heilsufar þeirra og mataræði eru sem skyldi. Þannig gefst mikilvæg innsýn sem gerir bóndanum kleift að grípa fljótt inn í ef þess gerist þörf. Skipulagning, eftirlit og aðlögun eru hluti af daglegu verklagi.

Góð fóðurstjórn veitir innsýn í fóðurinntöku, nyt og inntöku þurrefna. Sem dæmi má nefna: Hvaða áhrif hefur fóðrun úr nýrri votheysstæðu á nytina og hvað er kostnaðurinn hér? Hver er ákjósanlegasta skilvirkni fóðrunar? Þetta eru allt veigamiklir þættir sem hafa bein áhrif á heilsufar kýrinnar og nytina.

Vöktun

Vöktun á atferli við át er verk sem þarf að sinna á degi hverjum, einmitt vegna þess hversu nátengd fóðrun og át eru heilbrigði kúnna. Hægt er að nota hugbúnaðinn til að vakta ýmsa þætti, svo sem hvort kýrnar séu nægilega virkar til að sækja reglulega á átsvæðið, hvort þær séu að drekka nógu mikið og hvernig jórtri er háttað. Því nákvæmari sem viðmiðin eru sett í búfjárrækt, því nákvæmari verða upplýsingarnar um áthegðun hvernar kýr.

Stillingar

Þegar góð innsýn hefur fengist inn í þessa þætti er komið að sérstillingum. Ætti tiltekin kýr að éta oftar eða fá öðruvísi fóður? Hvernig er hægt að hafa áhrif á jórtur? Hvert skref í því ferli ætti að leiða til hámarks á skilvirkni fóðrunar, allt með hliðsjón af aldri, mjaltaskeiðsstigum og erfðum. 1,5–1,7. Allt fyrir ofan eða neðan er utan kjörástands og hefur neikvæð áhrif á bæði heilbrigði kúnna og afkomu búsinns.

Áætlanagerð

Rétt fóðurstefna er ákvörðuð í samvinnu við fóðursérfræðinga/ráðgjafa.

Fóðursérfræðingar á þínu svæði

Sérþekking með rætur í landbúnaði

Lely Center-þjónustumiðstöðin á þínu svæði er traustur félagi í sjálfvirkni fjósa. Í áranna rás höfum við byggt upp víðfeðmt net sérfræðinga sem vinna með sérfróðum aðilum á hverjum stað að sjálfvirknivæðingu fóðrunar og fjósa.

Markmiðið er að hjálpa þér að ná þeim ávinningi sem nákvæm fóðrun býður.

Vottaðir tæknimenn

Mikilvægt er að þú hafir greiðan aðgang að sérhæfðu tæknifólki Lely, í gegnum Lely Center-þjónustumiðstöðina á þínu svæði. Tæknifólkið gengur úr skugga um að kerfið hafi verið sett rétt upp, kemur á fót áskildum beiningarleiðum og veitir þér þá þjónustu sem þú þarft til að tryggja snurðulausa notkun til langframa.

Aðstoð við bústjórnun

Samstarfsfólk okkar í aðstoð við bústjórn veitir góð ráð um margs konar stjórnunarþætti, svo sem uppsetningu

Lely-tækja í fjósinu, daglega verkferla, sjálfvirkar mjaltir eða skipti yfir í sjálfvirkni, fóðrun og stillingar á stjórnunarhugbúnaði.

Ráðgjafarnir verða til taks bæði þegar þú kaupir fóðrunartæki og þegar þarf að ákvarða rétta skammta fyrir þína gripi, í samræði við fóðrunarráðgjafann. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á því sem hefur gefist vel eða illa á öðrum býlum og gera sitt ýtrasta til að tryggja að þín fóðrunarátönlun skili þér sem allra mestum ávinningi.

Tæknileg aðstoð (TSS)

Tæknileg aðstoð (TSS) sér um alla uppsetningu og viðhald á vörunum okkar. Tæknifólk okkar er vel menntað og vottað og þekkir tækin okkar eins og lófann á sér. Tæknifólkið starfar hvert á tilteknum svæðum og þekkir því sögu svæðisins, vélabúnaðinn og býlin á svæðinu mjög vel. Þjónustudeildin er opin allan sólarhringinn.

Kúabúskapur er okkur í blóð borinn

Fjölmargir starfsmanna okkar hófu starfsferilinn í bústörfum og vita því vel hvað er í húfi við mjólkurframleiðslu og nautgripærækt og hafa áskilda reynslu til að aðstoða og styðja alla viðskiptavini okkar. Í krafti víðtækrar reynslu sinnar af öðrum kerfum á svæðinu hefur tæknifólk og ráðgjafar á staðnum mikla innsýn í alla þætti er reksturinn varða.

Víðtækari reynsla en hjá nokkrum öðrum aðilum á sviði sjálfvirkni í kúabúskap

Við höfum verið leiðandi í sjálfvirkni kúabúa í mörg ár og njótum einnig víðtækrar reynslu í sjálfvirkri fóðrun og fóðursópun. Árið 2008 kynntum við Lely Juno-fóðursópinn og árið 2018 fögnuðum við sölu á fimm hundruðasta Lely Vector fóðurkerfinu okkar. Markaðsstaða okkar um heim allan og víðtækt tengslanet tryggir að þú getur treyst á þekkingu okkar á staðbundnum aðstæðum, lögum og reglugerðum.

Lely Vector

Lely Vector er sjálfvirkt fóðurkerfi sem fóðrar kýrnar í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir þeirra. Blöndunar- og fóðurvagninn ekur sjálfvirkt milli eldhússins og fjóssins og vigtar og blandar fóðrið í forstilltum hlutföllum. Lely Vector mælir fóðurhæðina á átsvæðinu og veit því þegar bæta þarf við fóðri. Ásamt Lely Horizon veitir Lely Vector rauntímaupplýsingar um fóðrunina.



Lely Juno

Lely Juno fóðursópurinn ýtir fóðri yfir að átgrindunum og tryggir að fóðrið sé ævinlega innan seilingar fyrir kýrnar. Fóðursópurinn hvetur kýrnar til að koma oftar á átsvæðið en ella. Það þýðir að hver kýr, sama hver staða hennar er í virðingarstiganum, fær að éta eftir þörfum og helst hraust og spræk.



Lely Cosmix

Lely Cosmix kjarnfóðurbásinn ásamt Lely Astronaut mjaltþjóninum, sér til þess að hver kýr fái það magn kjarnfóðurs sem hún þarfnast. Kýr sem éta ekki nóg kjarnfóður við mjaltir, kvígur og geldkýr geta einnig sótt sér kjarnfóður í Cosmix.

Lely Calm

Til þess að kálfur nái fullum þroska er mikilvægt að tryggja honum heilbrigðan og stöðugan vöxt. Fóðrun er lykillinn. Kálfa þarf að fóðra á réttum tíma. Til að endurspeglar náttúrulega hegðun er sjálfvirka kálfafóstran frá Lely Calm besta leiðin til að gefa oft litla meltanlega skammta af mjólk, sem gerir kálfinum kleift að verða góð og skilvirk mjólkurkýr þegar hann eldist.



Lely Astronaut

Mjaltþjóninn lokkar kýrnar með kjarnfóðrinu sem er skammtað á meðan þær heimsækja Lely Astronaut-mjaltþjóninn. Rétt eins og Lely Cosmix er Astronaut tengdur við Lely Horizon og safnar sjálfkrafa gögnum um mjólk fyrir hverja kú.

Lely Qwes

Góður skilningur á heilbrigði kúa getur hindrað sjúkdóma og komið í veg fyrir framleiðsluskerðingu. Auðkenniskerfið Lely Qwes mælir og skráir lykiloggn fyrir hverja kú á tveggja klukkustunda fresti. Þú getur einnig ákveðið að bæta við sérstökum skynjara til að mæla jórturtíðnina. Þetta er mikilvægur áhrifspáttur við mat á átatferli kýrinnar í Lely Horizon.



Lely Horizon

Lely Horizon var þróað sem heildstætt stjórnunarforrit fyrir allar sjálfvirkar lausnir Lely á býlinu þínu. Lely Horizon veitir þér í sameiningu með Astronaut og Vector rauntíma innsýn án aukavinnu. Það setur þig í stöðu til að grípa strax inn í þar sem og þegar það er nauðsynlegt og beita gagnráðstöfunum byggðum á spám.

Sjálfvirk fóðrun með Lely

Við höfum séð kúabændum og gripaeldisbændum um allan heim fyrir fjölbreyttu úrvali búnaðar til sjálfvirkra mjalta og fóðrunar um áraraðir. Hér að ofan geturðu lesið meira um fóðrunartækin okkar og þjarka, sem hjálpa þér að fóðra gripina í samræmi við þarfir þeirra, með aðstoð frá snjallhugbúnaði sem veitir skýra og víðtæka innsýn.

„Núna fóðra ég oft á dag og nota mismunandi skammtærðir og fóðurgerðir fyrir hvern hóp.“

Roy Ammerlaan
Marsum, Hollandi

Snjallfóðrun er leikur einn með Lely Vector

Tíð fóðrun minnkar tap mikilvægra næringarefna og hvetur kýrnar til að éta minna magn í einu, en oftar. Fóðrið hitnar minna og helst ferskara og bragðbetra. Þegar fæðan er melt á sama hátt í hvert sinn helst pH-gildið í vömbinni stöðugra og þannig nýtir skepnan fóðrið betur. Þetta hefur góð áhrif á heilsufar gripanna, frjósemi þeirra, framleiðni og síðast en ekki síst afkomu búsins.

Snjallbúskapur er val.

Snjallfóðrun byrjar á Lely Center-þjónustumiðstöðinni þinni.

Lely, Astronaut, Astri, Atlantis, Attis, AWS, C4C, Calm, Caltive, Capsule, Commodus, Compedes, Cosmix, Dairywise, Discovery, F4C, Gravitor, Grazeway, Horizon, Hubble, I-flow, InHerd, Juno, L4C, Lely Center, Lelywash, Luna, Nautilus, Orbiter, Quaress, Qwes, Shuttle, T4C, Vector, Viseo, Voyager og Walkway eru skráð vörumerki í eigu Lely Group samstæðunnar.

Lely áskilur sér allan rétt að því er varðar vörumerki í eigu Lely. Öll óleyfileg notkun á vörumerki í eigu Lely, eða notkun á vörumerki sem er nægilega áþekkt vörumerkjum Lely til að valda hugsanlega ruglingi, eða er líklegt til að vera ruglað saman við vörumerki í eigu Lely, telst brot á yferráðarétti Lely. Allur réttur áskilinn.

Upplýsingar í þessu riti eru einungis settar fram í upplýsingaskyni og ber ekki að líta á þær sem sölutilboð. Tilteknar vörur eru e.t.v. ekki til í sumum tilteknum löndum og vörur frá birgjum kunna að vera aðrar en hér er sýnt. Óheimilt er að afrita eða gefa út rit þetta, að hluta eða í heild, og gildir það um prent, ljósrít, örfilmu eða hvers konar annað útgáfuform, án skriflegs leyfis Lely Holding B.V.. Þótt efni þessa rits hafi verið unnið eins vandlega og framast var unnt verður Lely ekki sótt til ábyrgðar vegna nokkurs þess tjóns eða skaða sem kann að verða vegna meintrar villu eða mistaka í þessu riti.

Nánari upplýsingar um rétt til einkanotkunar er að finna í tilkynningu um vörumerki á <http://www.lely.com>.

Höfundarréttur © 2022 Lely Holding B.V. Allur réttur áskilinn.

